

ÁÁH-2019-04 – Standsetning verslunarhúsnæðis

Umsækjandi er Arinbjörn Bernharðsson f.h. Verzlunarfjeldags Árneshrepps. Verzlunarfjeldag Árneshrepps ehf. rekur matvöruverslun í Norðurfirði. Verslunin var stofnuð vorið 2019 af íbúum hreppsins og velunnurum. Hluthafar eru 138 talins. Sótt er um styrk að upphæð kr. 750.000, til þess að standa straum af kostnaði við að koma versluninni af stað, m.a. málningar- og hreinlætisvörum, hönnun auðkennismerkis, kassakerfi og öðrum búnaði tengdum verslunarrekstri. Verkefnið fellur mjög vel að markmiðasetningu byggðaþróunarverkefnisins

Verkefninu var úthlutað 750.000 kr. árið 2019.

Upplýsingum úr framvindu- og lokaskýrslum verkefnisins verður bætt hér við eftir því sem verkefninu vindur fram.